

Ed.

309. Frumvarp til laga

[162. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Í stað orðanna „Kr. 1 900.00“ í 1. tl. 1. málsg. 2. gr. komi: Kr. 2 300.00.

2. gr.

1. málsg. 3. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	82.0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	11.4%
3. Til Fiskimálasjóðs	3.1%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.8%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.7%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 79 31. desember 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu, var magngjald á hvert útflutt tonn tiltekinna sjávarafurða ákveðið kr. 1 360.00. Bráðabirgðalög nr. 73 1. júní 1970 gerðu ráð fyrir hækkun magngjaldsins í kr. 1 500.00 og með lögum nr. 4 30. marz 1971 var magngjaldið hækkað í kr. 1 900.00 frá og með 1. janúar s. á. Nemi gjaldið meiru en svarar $4\frac{1}{2}\%$ af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark. Magngjaldið greiðist nú af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Hækkun magngjaldsins hinn 1. júní 1970 var til samræmis við verðlagshækkanir á afurðum, þ. e. til þess að það næmi áfram svipuðu verðmætishlutfalli og áður, svo sem önnur útflutningsgjöld af sjávarafurðum, þrátt fyrir verðhækkanir á erlendum markaði. Breytingin, sem gerð var frá 1. janúar 1971, miðaði hins vegar ekki að hækkun útflutningsgjaldanna í heild sinni, heldur voru þá samræmd útflutningsgjöld af saltfiski annars vegar og freðfiski og öðrum afurðum, sem báru magngjald hins vegar, þannig að gjald af saltfiski, sem áður bar 7% útflutningsgjald, lækkaði verulega, en gjöld af freðfiski hækkuðu að sama skapi. Síðan magngjaldið var síðast hækkað, hafa átt sér stað verðhækkanir erlendis á helztu sjávarafurðum. Eðlilegt þykir, að útflutningsgjald af þeim afurðategundum, sem bera magngjald, lækki ekki verulega í hlutfalli við aðrar tegundir og er því lagt til að það hækki um kr. 400.00, þ. e. í kr. 2 300.00 á hvert útflutt tonn. Þrátt fyrir þessa hækkun magngjaldsins, verða útflutningsgjöld af freðfiski og þó einkum af saltfiski, samt sem áður lægri en þau voru árið 1969, ef miðað er við hundraðshluta af útflutningsverðmæti.

Fram hafa komið óskir frá stjórnarnefnd Tryggingasjóðs fiskiskipa svo og sérstakri nefnd, sem skipuð hefur verið til að endurskoða gildandi reglur um váttryggingu fiskiskipa og rekstur Tryggingasjóðs, um meiri hækkun útflutningsgjalda en frumvarpið gerir ráð fyrir, vegna erfiðrar afkomu sjóðsins, en útgjöld hans hafa vaxið ört vegna mjög mikillar hækkunar á váttryggingarverði skipa og aukningar fiskiflotans. Sjóðurinn hefur safnað miklum skuldum og halli fyrir-sjáanlegur að óbreyttu. Óhjákvæmilegt er því að afla sjóðnum aukinna tekna, og rennur áætlað andvirði allrar hækkunar magngjaldsins, um 45 millj. kr., til hans samkvæmt frumvarpinu, með því að hundraðshluti hans af útflutningsgjöldum er hækkaður úr 80 í 82%.

Verðlagsráð sjávarútvegsins mun hafa gert ráð fyrir þessari hækkun magn-gjalds við ákvörðun fiskverðs, er gildir frá 1. janúar 1972.